

Skýrsla forstjóra Byggðastofnunar, Aðalsteins Þorsteinssonar á ársfundi Byggðastofnunar 23. maí 2008

Iðnaðarráðherra, alþingismenn og aðrir góðir gestir.

Ég ætla að byrja þetta yfirlit forstjóra yfir starf Byggðastofnunar á árinu 2007 á því að fara stuttlega í gegnum helstu niðurstöður í ársreikningi Byggðastofnunar fyrir árið 2007, en gera síðan grein fyrir helstu verkefnum sem að var unnið á árinu, og fjalla svo í framhaldinu um stöðu útlánastarfseminnar eins og hún er núna, og helstu verkefni og viðfangsefni önnur sem unnið er að og fram undan eru.

Úr ársreikningi 2007

Rekstrartekjur (mkr.)	2007	2006
Hreinar vaxtatekjur	221,5	38,0
Framlag frá ríkissjóði	383,1	370,8
Gengismunur	-31,5	305,6
Aðrar tekjur	24,7	28,5
Hreinar rekstrartekjur	597,8	742,9
Rekstrargjöld (mkr.)	2007	2006
Styrkir og framlög til atv.þróunarf.	162,6	169,2
Rekstrarkostnaður	252,2	246,7
Afskriftir rekstrarfjármuna	1,4	5,3
Framl. í afskriftarreikn.	360,8	311,5
Samtals rekstrargjöld	777,2	732,8
Hagnaður (tap) ársins	(179,3)	10,1



Ársreikningur Byggðastofnunar fyrir rekstrarárið 2007 var samþykktur á fundi stjórnar Byggðastofnunar þann 29. febrúar síðast liðinn. Niðurstaða rekstrarreiknings ársins 2007 er tap upp á tæpar 180 mkr. Að öðru leyti eru lykiltölur reikningsins sem hér segir.

Hreinar vaxtatekjur stofnunarinnar, þ.e. mismundur vaxtagjalda og vaxtatekna, taka stökk upp á við, og námu á árinu 2007 221 mkr. á móti 38 mkr. árið 2006. Helstu ástæður þess hve hreinar vaxtatekjur voru lágar árið 2006 voru miklar uppgreiðslur á lánum stofnunarinnar árin 2005 og 2006 sem höfðu leitt til óhagstæðrar samsetningar á skuldum og útlánum hennar. Við þessu var brugðist með uppgreiðslu skulda og endurfjármögnun, og hafa þær aðgerðir skilað góðum árangri.

Framlag úr ríkissjóði til rekstrar á árinu 2007 nam alls 383 mkr. Þar af greiddast til atvinnuþróunarfélaganna tæpar 140 mkr. skv. samningum félaganna við Byggðastofnun. Alls greiddi stofnunin út á árinu ný lán að fjárhæð 2 milljarðar kr. sem er hækkun um 500 mkr. frá árinu 2006.

Rekstrargjöld stofnunarinnar námu 777 mkr. Þar af voru 162 mkr. greiddar í styrki og til rekstrar atvinnuþróunarfélaganna. Rekstrarkostnaður Byggðastofnunar sjálftrar nam 252 mkr. og framlög í afskriftarreikning og afskriftir rekstrarfjármuna nema alls 362 mkr.

Þetta þýðir eins og áður sagði að niðurstaða rekstrarreiknings fyrir árið 2007 er tap upp á 180 mkr. Síðustu mánuðir ársins voru erfiðir, en þá urðu stórir viðskiptavinir stofnunarinnar á sviði sjávarútvegs gjaldþrota, og kallaði það á há framlög í afskriftarreikning stofnunarinnar. Erfiðleikar fyrirtækja í sjávarútvegi koma glögglega fram hjá viðskiptavinum stofnunarinnar, og ljóst er að verulegir erfiðleikar steðja nú að mörgum fyrirtækjum í sjávarútvegi á

landsbyggðinni, ekki síst eftir mikinn samdrátt í þorskveiðiheimildum á yfirstandandi fiskveiðiári. Þær afleiðingar munu halda áfram að koma fram á árinu 2008. Þó eru batamerki á lofti og við hjá Byggðastofnun höfum við ekki orðið vör við miklar uppsagnir hjá þeim fyrirtækjum sem stofnunin er í viðskiptum við. Vægi sjávarútvegs á landsbyggðinni í viðskiptamannahópi Byggðastofnunar er hins vegar það mikið að afkoma í greininni mun alltaf hafa veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu stofnunarinnar.

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

Eignir (mkr.)	2007	2006
Handbært fé	1.900	1.331
Útlán og fullnustueignir	9.497	9.476
Hlutabréf	1.475	1.324
Aðrar eignir	66	74
Eignir alls	12.937	12.205
Skuldir og eigið fé		
Lántökur	10.780	11.028
Aðrar skuldir	84	111
Lífeyrisskuldbindingar	0	14
Eigið fé	2.073	1.052
Skuldir og eigið fé	12.937	12.205
Ábyrgðir	317	426
Eiginfjárlutfall	14,15%	8,91%



Ef við nú lítum á efnahagsreikninginn þá sjáum við að eignir stofnunarinnar í árslok 2007 nema alls 12,9 milljörðum kr. á móti 12,2 milljörðum í árslok 2006. Eiginfjárlutfall skv. reglum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var í árslok 14,15%, en var 8,91% í árslok 2006. Þar munar mestu um það að við samþykkt fjárlaga í árslok greiddi Fjármálaráðuneytið svo til Byggðastofnunar eiginfjárframlag að fjárhæð 1.200 mkr. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárlutfall stofnunarinnar ekki vera lægra en 8% af áhættugrunni hverju sinni, og var orðin brýn þörf á að styrkja efnahag stofnunarinnar til að gera hana betur í stakk búna til að takast á við aukin verkefni. Af hálfu ríkisstjórnar var þessi myndarlega aðgerð liður í mótvægisáðgerðum ríkisins vegna mikils samdráttar í þorskaflaheimildum, og gerir stofnunina betur í stakk búna til að koma til móts við þarfir fyrirtækja í sjávarútvegi á landsbyggðinni vegna þess tekjusamdráttar sem þau verða tímabundið fyrir við niðurskurð á veiðiheimildum.

Útlánastarfsemin

- Mikil fjölgun lánsúmsókna á milli ára.
- Heildarlánsloforð í lok apríl 2008 eru hærri en allt árið 2007.
- Versnandi aðgengi fyrirtækja að lánsfé til nýframkvæmda og vegna fjármögnunar á afurðum og birgðum.
- Vextir hafa hækkað.
- Lán til landbúnaðar.
- Byggðastofnun gæti þurft að hækka vexti á sínum útlánnum.



Starfsmenn Byggðastofnunar verða þess nú áskynja í störfum sínum að mjög hefur þrengt að aðgengi íslenskra fyrirtækja að lánsfé undanfarna mánuði eftir veisluhöld undanfarinna missera. Í þessu felast mikil umskipti fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni, eins og raunar á landinu öllu. Þannig er nú farið að bera á erfiðleikum fyrirtækja í fiskvinnslu hvað varðar fjármögnun birgða og afurða, og getur þetta haft alvarlegar afleiðingar ef ekki rætist úr fljótlega. Hækkandi vaxtakostnaður veldur einnig miklum erfiðleikum í rekstri margra skuldsettra fyrirtækja. Við verðum töluvert vör við það nú að gamlir viðskiptavinir okkar sem greiddu upp lán sín við stofnunina þegar samkeppni viðskiptabankanna stóð sem hæst vilja nú koma aftur, ekki síst í ferðapjónustunni, enda hafa vextir hækkað mjög verulega frá því sem var þegar lánið var veitt.


Þá er einnig orði sú megin breyting á útlánastarfseminni að láveitingar í landbúnaði hafi aukist mjög verulega, enda lánar stofnunin nú til hefðbundins landbúnaðar öfugt við það sem áður var. Fjöldi úmsókna til Byggðastofnunar um lán frá bændum hefur aukist jafnt og þétt undanfarnar vikur. Mörg þessara mála eru þannig að bændur eru að fjárfesta í mjólkurkvóta og eins hefur mikið verið um endurnýjun fjósa sem löngu var orðin tímabær. Eftir að Lánasjóður landbúnaðarins var lagður niður fyrir fáum árum var sú breyting gerð á reglum um stofnunina að henni er nú heimilt að lána til hefðbundins landbúnaðar. Áður var slíkt einungis gert í tengslum við uppbyggingu ferðapjónustu.

Landbúnaður er að mínu viti klárlega mikið byggðamál og þau svæði þar sem byggð á hvað mest undir högg að sækja og meðaltekjur eru hvað lægstar eru flest hver mjög háð landbúnaði því þar er landbúnaður oft aðalvinnugreinin. Það er því í raun og veru mjög eðlilegt að stofnunin komi að þessari atvinnugrein.

Við þessar aðstæður fjölgar svo um munar lánsúmsóknum til Byggðastofnunar, og nú á vormánuðum 2008, hefur stofnun það sem af er ári afgreitt fleiri umsóknir en nokkru sinni fyrr í sögu stofnunarinnar.


Þessa sprengingu gátum við ekki séð fyrir, og ljóst er að það verður mjög erfitt fyrir stofnunina að vaxa svona hratt haldi þessi þróun áfram. Það eitt og sér mun reyna á eiginfjárlutfall hennar, en það setur henni takmörk hvað heildarútlán varðar. Því kann að reynast nauðsynlegt að hægja ferðina það sem eftir er af árinu. Útlánastarfsemi Byggðastofnunar er fjármögnuð með lántökum, bæði á innlendum og erlendum markaði á grundvelli lántökuheimilda í fjárlögum hvers árs. Ljóst er að sú fjármögnun verður mun dýrari á árinu 2008 en var á árinu 2007, og því er ekki ólíklegt að stofnunin neyðist til að hækka vexti á útlánum sínum, en stefna stofnunarinnar er að viðhalda a.m.k 2% vaxtamun til að mæta áföllum í útlánastarfseminni.


Veitt lánsloforð eftir landshlutum (mkr.) og fj. jan. til og með apr. 2007 og 2008



Breytingin á milli ára sést glögglega á meðfylgjandi mynd. Súlnurnar (á vinstra ás) sýna fjárhæð lánsloforða, en línurnar (á hægri ás) fjölda lánsbeiðna að baki veittum lánsloforðum. Myndin sýnir janúar til og með apríl bæði ár. Heildarupphæð útgefinna lánsloforða janúar til og með apríl 2008 er 2.958 mkr. á móti 917 mkr. fyrir sama tímabil 2007. Raunar nema útgefin lánsloforð í lok apríl 2008 nánast upphæð og fyrir allt árið 2007.

Veitt lánsloforð eftir landshlutum (mkr.) og fjöldi janúar til og með apríl 2007 og 2008





Á þessari mynd sést hvernig lánsloforð greinast á atvinnugreinar eftir landshlutum. Segja má að þessi skipting endurspeglir ágætlega vægi einstakra greina í atvinnulífi á viðkomandi svæðum. Við sjáum að sjávarútvegurinn (græni liturinn) er ráðandi á Vestfirðum og Norðurlandi Eystra, en landbúnaður og þjónustugreinar á norðurlandi vestra.

Önnur verkefni

- Mótvægisaðgerðir vegna niðurskurðar veiðiheimilda.
- Athugun á stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.
- Ný byggðaáætlun.
- Ég þakka fyrir mig.



Ríkisstjórnin ákvað að veita alls 200 milljónum króna á árunum 2008 og 2009 til eflingar atvinnuþróunar og nýsköpunar á þeim svæðum sem verða fyrir aflsamdrætti vegna skerðingar þorskaflaheimilda. Mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning og framkvæmd þessa verkefnis á Þróunarsviði stofnunarinnar og hjá atvinnuþróunarfélögnum. Auglýst var eftir umsóknum og miðað við að styrkhæf svæði væru þau þar sem hlutfall starfa í veiðum og vinnslu er 10% eða hærra. Alls bárust tæplega 260 umsóknir upp á tæplega 1,5 milljarða kr. Á fundi stjórnar Byggðastofnunar í gær voru teknar ákvarðanir um einstök verkefni, og verða þau kynnt næstu daga. Það er mat mitt að þátttaka í þessum verkefnum sýni mikinn kraft til nýsköpunar, ekki síst í hinum hefðbundnu greinum.

Það er líka mikilvægt í ljósi þess að ekki verður lengur hjá því horft að hefðbundinn sjávarútvegur er ekki lengur sú undirstaða atvinnulífs á landsbyggðinni sem áður var, og getur ekki verið það. Á undanförunum árum hafa veiðiheimildir færst á stöðugt færri hendur og fyrirtækjum í fiskvinnslu fækkað. Störfum í frumvinnslugreinum hefur fækkað verulega á undanförunum árum, og er fyrirsjáanlegt að svo verði áfram. Samkvæmt heimildum Hagstofu Íslands hefur störfum við fiskveiðar fækkað á undanförunum árum um sem næst 30%. Verð á varanlegum veiðiheimildum hækkar stöðugt, og ekki getur orðið um eðlilega nýliðun að ræða við þessar aðstæður, auk þess sem við bætist samdráttur í veiðiheimildum af náttúrulegum ástæðum.

Áður hefur iðnaðarráðherra tilkynnt um úthlutun styrkja vegna sambærilegs átaks á sviði ferðaþjónustu, og var það verkefni undirbúið og unnið með svipuðum hætti.

Á þróunarsviði er nú unnið að gerð skýrslu um athugun á stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Um er að ræða eitt verkefna nógildandi byggðaáætlunar. Í verkefninu eru

styrkleikar og veikleikar metnir og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna. Staðan hefur verið einna erfiðust hjá byggðarlögum sem liggja það fjarri þéttbýliskjörnum að ekki er hagkvæmt að sækja vinnu þangað og erfitt er um vik að njóta þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Þrátt fyrir að efling landshlutakjarna styrki byggðina umhverfis, dugir hún ekki ein og sér fyrir þá sem fjærst búa. Það er því mikilvægt að huga sérstaklega að þessum byggðarlögum. Vinnan er á lokastigi og verður skýrslan kynnt í byrjun júní, en verkið hefur tafist vegna annarra ófyrirsjáanlegra verkefna.

Nútíma byggðaaðgerðir byggja hvarvetna á sömu megin sjónarmiðum og fylgt er í byggðaaætlun íslenskra stjórnarvalda. Áherslan er á aukna menntun þjóðarinnar, nýsköpun atvinnuvega og jafnari dreifingu opinberra starfa og krafta. Sterk áhersla er á árangursmælingar, aðferðir, mat á þeim og á stefnumótun því – eins og einu sinni var sagt – maður kemst ekki í áfangastað ef maður veit ekki hvert maður er að fara. Þetta má heimfæra á byggðamál á landsvísu þar sem enn vantar nokkuð upp á skýra framtíðarsýn stjórnvalda fyrir byggð í landinu. Nú á haustmánuðum hefst svo vinna við nýja byggðaaætlun, og má ætla að vinna við það verkefni taki drjúgan hlut af starfstíma stofnunarinnar næsta vetur. Þingsályktun um byggðamál, sem við í daglegu tali köllum Byggðaaætlun, nær enn aðeins til hluta landsins og er aðeins til skamms tíma. Hvernig viljum við sjá byggð í landinu öllu eftir 20 ár? Hvert viljum við stefna? Það er að mínu mati mikilvægt að þróa Byggðaaætlun sem tæki til þess að fást við slíka stefnumótun og til að sætta sjónarmið landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Nú á tímum alþjóðavæðingar er það mikilvægara en nokkru sinni, enda má segja að umræða um byggðamál snúist æ meir um stöðu Íslands gagnvart umheiminum, fremur en landsbyggðar gagnvart höfuðborgarsvæði. Atvinnusóknarsvæði vel menntaðs ungs fólks í dag er heimurinn allur.

Ég þakka fyrir mig.